

22.12.2012

Ágætu fulltrúar í stjórnskipunar og eftirlitsnefnd.

Tvær af þeim spurningum sem beint var til kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrármálið skiptu mig mestu.

Niðurstaða kosningarinnar sannfærði mig um að þessar spurningar skiptu flesta þeirra sem kusu einnig mestu máli.

Þetta voru annars vegar spurningin um það hvort það bæri að leggja tillögu stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá

og hins vegar hvort setja beri ákvæði um þjóðareign á auðlindum í nýja stjórnarskrá.

Hrófli þingið við tillögum stjórnlagaráðs þurfa að liggja mjög sterk rök fyrir hverri einstakri breytingu og engin hrossakaup milli þingmanna meiga liggja þar að baki.

Öðru gegnir þó um ákvæðið um þjóðareign á auðlindum.

Það að spyrja sérstaklega um hvort setja eigi ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrána varð til þess að fjöldi fólks skoðaði tillögu stjórnlagaráðs um þetta ákvæði gaumgjæfilega.

Ástæða þess er sú að kjósendur þekkja hin pólitíska átök sem hafa farið fram um innihald slíks ákvæðis á liðnum árum.

Ákvæði stjórnlagaráðs hlaut ekki bara náð fyrir augum kjósenda heldur afar mikinn stuðning.

Að hrófla við þessari tillögu stjórnlagaráðs með einhverjum hætti yrði meiri óvirðing við kjósendur en áður hefur sést.

Ég skora á þá sem sitja í þessari nefnd og þingmenn alla að standa vörð um vilja þjóðarinnar og sýna með því að þingið lúti þjóðarvilja.

Jóhann Ársællsson

Vesturgötu 59 a.

Akranesi

kt.0712433469